Gönguleiðir í Nesjum

Inngangur

Þegar komið er að austan blasa Nes við af brún Almannaskarðs og fjallahringurinn allt vestur að Öræfajökli. Á nesi, sem gengur út milli Hornafjarðar og Skarðsfjarðar, er Höfn, byggðarlag með um 1800 íbúa. Svipmót héraðsins er sterkt og einstakt. Frá Vatnajökli byltast skriðjöklar niður á láglendi og jökulvötn streyma til sjávar um grunnan Hornafjörð og straumharðan Hornafjarðarós. Byggðin í Nesjum liggur meðfram fjallinu allt frá Horni í austri að Svínafelli í vestri en þéttbýlast er þó um miðbik sveitarinnar.
Í Nesjahverfi er félagsheimilið Mánagarður með íþróttahúsi, grunnskóli fyrir yngstu börnin, framhaldsskóli, verslun og önnur þjónusta. Í hverfinu búa liðlega 100 manns. Síðustu ár hefur átt sér stað mikil uppgræðsla í Skógey og þannig verið unnið gegn sandfoki og landeyðingu.

Leiðalýsingar

1. Horn - Papós
Upphafsstaður: Horn eða Papós.
Leiðarlýsing: Um 2-3ja klst. ganga í stórfenglegri náttúru á milli fjalls og fjöru. Leiðin er flestum fær en þó er meðal annars farið um stórgrýtta urð. Lagt er upp frá húsunum á *Horni* ofan Stokksness eða rústunum við *Papós* hjá Syðra-Firði í Lóni. Það er nokkuð sama í hvora áttina er gengið og er hluti leiðarinnar stikaður. Í fjallshlíðinni fyrir ofan Hornsvíkina er *Kolbeinshellir*. Miðja vegu er Hafnartangi þar sem sjá má gömul naust og selir flatmaga þar á klöppunum. Þar eru einnig minjar frá seinni heimsstyrjöldinni.

Gengið fyrir Horn Mynd: Stefán Ó

2. Papós - Kex - fyrir Horn -Papós
Upphafsstaður: Papós.
Leiðarlýsing: 4-5 klst. ganga um fjölbreytt landslag. Leiðin er flestum fær en þó er meðal annars farið um bratta skriðu. Sameinar gönguferð um fjall og fjöru. Lagt er upp frá rústum Papóskaupstaðar við Syðri-Fjörð. Gengið er upp Kastárdal og komið niður bratta skriðu úr skarðinu *Kexi* að Hornsbænum. Þaðan er gengið austur með fjallinu eftir stikaðri leið að *Hornsvík* og áfram fyrir *Horn* og að *Papósi*.

Endalausidalur Mynd: Brynja H.

3. Endalausidalur - Laxárdalur
Upphafsstaður: Efri-Fjörður í Lóni eða innarlega í austanverðum Laxárdal í Nesjum.
Leiðarlýsing: 4-5 klst. ganga. Mesta hæð um 343 m. Gengið frá Efra-Firði eftir kindagötum inn Endalausadal þar til kemur að vatnaskilum. Þegar kemur nær *Laxárdal* er best að ganga vestan megin og eru þá Loklausidalur og Árnanesmúli á hægri hönd. Þegar komið er niður af Eyjahálsi er gengið austan megin í *Laxárdal*, fram með Selhrauni og *Selvatni* og Rimavatni að Selmýrarhrygg. Þar undir er landnámsbærinn *Hólmur* og vestan ár er *Meðalfell*. Akvegur (2 km) liggur frá Selmýrarhrygg niður á þjóðveg við Seljavelli.

Séð til jökla af Skálatindum Mynd: Brynja H.

4. Skarðsdalur - Skálatindar - Bergárdalur
Upphafsstaður: Þjóðvegur 1 í Skarðsdal.
Leiðarlýsing: 3-5 klst erfið ganga. Leiðin er víða brött og ekki fyrir aðra en vana göngumenn. **Ekki ráðlegt að ganga þessa leið nema í góðu skyggni og alls ekki í þoku.** Gengið er frá þjóðvegi 1 við læk sem rennur úr Færadal. Gengið er upp með læknum inn undir miðjan dalinn og lagt á brattann með Yxnaskarð á vinstri hönd. Þegar komið er upp í dalverpi er beygt til vesturs framan við fyrsta Skálatindinn. Til að njóta útsýnis til allra átta er ráðlagt að fara á tindinn (812 m) sem er auðgenginn þótt brattur sé. Gengið er í vestur yfir Ytri- Skál, framan við næsta tind og yfir í Innri- Skál. Aftur er lagt á brattann og farið um skarð á bak við þriðja tindinn í rúmlega 700 m hæð. Blasir þá *Bergárdalur* við og má velja ýmsar gönguleiðir niður hann. (Sjá leið 5)

5. Bergárdalur
Upphafsstaður: Bergárfoss (Mígandisfoss).
Leiðarlýsing: 2-4 klst ganga en nokkuð á fótinn. Lagt er upp frá Bergárfossi eftir vegslóða upp dalinn. Frá enda slóðans er gengið til norðurs. Gaman er að leggja lykkju á leið sína upp í Þorkelsskarð og njóta þar útsýnis eða halda áfram hvort heldur sem er framan í Miðfelli, yfir Bergárdalinn innarlega (leið 5a) og síðan sem leið liggur fram og niður Bergárheiðina (Árnanesheiði) að upphafsstað við Bergárfoss. Í stað þess að ganga framan í Miðfellinu er upplagt að ganga á Miðfellstind, (leið 5b) en af honum er mjög skemmtilegt útsýni. Gangan á tindinn er auðveldari ef haldið er frá Bergárfossi upp Bergárheiði og inn heiðina á móts við botn Bergárdals og þaðan sem leið liggur upp á Miðfellstind. Sjálfsagt er að ganga bak við fossinn í upphafi eða lok ferðar. Þar þarf þó að gæta fyllstu varúðar. Akvegur liggur frá vegamótum Hafnar inn að Bergárfossi.

6. Friðsæld - Bergárfoss - Laxárdalur
Upphafsstaður: Friðsæld austan Dynjanda eða mynni Laxárdals.
Leiðarlýsing: 2-3 klst. auðveld ganga sem er flestum fær fram með fjallinu í hvora áttina sem vill. Þessi leið er hluti af hinni gömlu þjóðleið. Lagt er upp frá Selmýrarhrygg (sjá leið 3) eða Friðsæld sem er austan bæjarins Dynjanda nokkru fyrir vestan Almannaskarð. Þar skammt austar, neðan Almannaskarðs er *Dysjarklettur* og neðan þjóðvegar er *Fimmhundraðadý*. Á miðri leið er Bergárfoss (sjá leið 5).

Fjárrétt í Laxárdal Mynd: Hulda S.

7. Laxárdalur
Upphafsstaður: Selmýrarhryggur. Akvegur (2 km) liggur að Selmýrarhrygg frá þjóðvegi vestan við Seljavelli.
Leiðarlýsing: 2-3 klst. auðveld ganga á sléttlendi. Á bakaleið ætti göngufólk að varast að reka sauðfé á undan sér á leið út dalinn. Lagt af stað frá Selmýrarhrygg inn *Laxárdal* að austanverðu. Gengið er austan megin við Rimavatn og inn fyrir *Selvatn* að Selhraunum, (hólar innan við vatnið). Þar má ganga þvert vestur yfir Laxá og

POKASJÓÐUR VERSLUNARINNAR

hotel edda
16 HÓTEL - ALLAN HRINGINN
Sími: 5050 910 • Fax: 5050 915 • www.hoteledda.is

til baka fram áreyrarnar. Aftur er farið til baka yfir ána ofan eða neðan við Laxárglijúfrið. Á leið til upphafsstaðar á Selmýrarhrygg er fróðlegt að koma við hjá landnámsbænum *Hólmi* sem stendur undir hryggnum. Fyrir þá sem vilja lengri göngu er greið leið inn í dalbotn og síðan út áreyrar til baka.

8. Meðalfell
Upphafsstaður: Laxárdalsvegur vestan Meðalfells.
Leiðarlýsing: Um hálfrar klst. ganga er á *Meðalfell* sem er snorturt, lítið fjall í mynni *Laxárdals*. Aðkoma að því er auðveld og uppganga að vestanverðu. Af fellinu er fagurt útsýni yfir stærsta hluta Hornafjarðar. Í Laxá, nokkru ofan og austan við *Meðalfell*, er fallegt lítið gljúfur þar sem oft má sjá fiska skjótast milli steina.

9. Krossbæjarskarð
Upphafsstaður: Laxárdalsrétt.
Leiðarlýsing: Um 2-4 klst. ganga, nokkuð erfið á köflum. Gengið frá réttinni við mynni *Laxárdals* vestan megin, upp vegarslóða og áfram eftir kindagötum inn í *Krossbæjarskarð*. Hægt er að fara hvort sem er vestan við Þverána eða ofan í farvegi hennar þar sem víða eru mjög sérstæðar bergmyndanir. Rauðir og hvítir litir skriðanna kallast á við svarta kletta. Berggangar setja svip sinn á umhverfið og niðri í Þverárgilinu standa leifar eins þeirra. Gangan eftir gilinu er auðveld, en innst eru nokkuð brattar skriður sem eru erfiðar yfirferðar. Ef gengið er uppi á gilbarminum er gangan jöfn og létt alla leið en miðja vegu liggur gatan yfir Meingil. Þegar komið er upp fyrir Þverár-gilið tekur við gróið undirlendi, *Krossbæjarskarð*. Á vatnaskilum á móts við Smalhól, er tilvalið að staldra við, hvíla lúin bein og njóta stórfenglegs útsýnis í vesturátt. Þaðan er haldið til norðurs í átt að Krossbæjartindi og síðan sveigt til vesturs og komið niður hjá Borgarstúf, fallegum stuðlabergskletti fyrir ofan Lindarbakka.

Berggangur í Þverárgili Mynd: Hulda S.

10. Ketillaugarfjall
Upphafsstaður: Laxárdalsrétt.
Leiðarlýsing: Um 4 klst. ganga, nokkuð erfið á köflum. Mesta hæð á leiðinni er 668 m. Gangan hefst eins og í leið 9. Gengið er upp að vatnaskilum í *Krossbæjarskarði*. Þar er beygt til suðurs upp á *Ketillaugarfjall*. Víða er hengiflug fram af vesturbrún fjallsins. Til að komast á hæsta tindinn er best að fara niður af miðtindinum til vesturs og krækja fyrir kletta sem eru í skarði á leiðinni. Ofan af *Ketillaugarfjalli* er einstaklega fagurt útsýni yfir Hornafjörð og Mýrar. Þegar komið er aftur niður í *Krossbæjarskarð* er hægt að velja um að fara sömu leið til baka eða halda fyrst til norðurs í átt að Krossbæjartindi og sveigja síðan til vesturs og koma niður skammt frá Borgarstúf eins og á leið 9.

Ketillaugarfjall og Krossbæjartindur Mynd: Jóh. Valg.

11. Ketillaugarfjall - hringganga
Upphafsstaður: Laxárdalsrétt.
Leiðarlýsing: 5-7 klst. ganga, nokkuð erfið á köflum. Hægt er að ganga hvort heldur sem er réttsælis (sjá leið 12) eða rangsælis (sjá leið 9) umhverfis *Ketillaugarfjall*. Betri leiðin er inn með fjallinu austanmegin, yfir *Krossbæjarskarð* og niður hjá Borgarstúf. Þaðan er gengið út með fjallsrótunum fyrir ofan þjóðveginn við stöðuvatnið *Þveit* og síðan austur með fjallinu að framanverðu að Haukabergi.

12. Haukaberg - Hvammar - Bjarnanes
Upphafsstaður: Félagsheimilið Mánagarður. Einnig er hægt að leggja upp frá Haukabergi.
Leiðarlýsing: Um 2-3 klst. létt ganga. Lagt er af stað frá Mánagarði og upp Laxárdalsveginn. Við gömul beitarhús í Haukabergi í mynni dalsins er beygt í vestur meðfram *Ketillaugarfjalli*. Þegar komið er að Dyrahálsi þar sem enn sjást ummerki gamallar réttar, er gengið niður á milli hárra kletta. Gengið er áfram stuttan spöl eftir vegarslóða með fjallsrótum þar til opnast útsýni yfir stöðuvatnið *Þveit*. Þá er stefnan tekin niður að þjóðveginum og farið yfir hann við afleggjarann að Stapa. Áfram er haldið upp Stapaveginn, framhjá Hestakömbum en ofan við þá beygjum við á vegslóða til vinstri upp í Hvammana. Þar sem vegurinn nær hæst er farið yfir giðingu á hægri hönd og upp á hæsta hólinn í Hvömmunum. Þaðan er einstakt útsýni til allra átta enda hefur þessi staður verið vinsæll hjá listmálurum. Leiðin liggur nú niður Hvammana að Bjarnaneskirkju. Síðasta spölinn að Mánagarði er gengið meðfram þjóðveginum.

Skógeyjarsker Mynd: Jóh. Valg.

13. Skógey
Upphafsstaður: Bílastæði við Skógeyjarsker.
Leiðarlýsing: Ekinn afleggjari af þjóðvegnum fram hjá Bjarnanesi og Miðskeri og áfram út að bílastæðinu við Skógeyjarsker. Þaðan er auðveld ganga um Skógey. Víða er votlent, en alls staðar er hart undir fæti. Vert er að gefa gaum að fjölbreyttu fuglalífi.

Steinbogi í Grjótárgljúfri Mynd: Jóh. Valg.

14. Steinboginn í Grjótárgljúfri
Upphafsstaður: Möttuhraun innan við Krossbæ.
Leiðarlýsing: 1 klst. fremur auðveld ganga, u.þ.b. 1 km leið. Gengið frá Möttuhraunum við þjóðveginn rétt innan við Krossbæ. Leiðin liggur upp með Grjótánni þar til komið er að steinboganum í Grjótárgljúfri. Síðan er gengin sama leið til baka.

15. Hoffellsdalur
Upphafsstaður: Neðan Hoffells.
Leiðarlýsing: Fremur létt dagsganga að mestu á jafnsléttu, en u.þ.b. 12 km eru inn í Dalsstafn. Mögulegt er að aka hluta leiðarinnar eftir vegslóða á áraurunum inn á móts við Klifatanga,

Djöfley Mynd: Jón H.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Air Iceland

sem er tæpa 8 km inn á dalnum. Lagt er upp á aurnum neðan við *Hoffellsbæina* og gengið inn dalinn vestanverðan allt inn í Dalsstafn, sem er bæði þröngur og skuggsæll. Þar má sjá ummerki þess er Lambatungnajökull fell þar niður fyrir u.þ.b. einni öld. Hoffellsdalur er annáladur fyrir skrautsteina og há og hrikaleg fjöll. Fremst á dalnum er upplagt að leggja lykkju á leið sína á móts við Stóruskriðu og halda lítillega til baka eftir vegslóða á Austurbringum, en ofan við brattar skriður upp af þeim er Hellir og var hann notaður sem fjárskjól áður fyrr. Munni hellisins er að mestu lokaður, en þegar inn er komið er hann vel manngengur og a.m.k. 70 fermetrar að flatarmáli. Á Klifahjöllum má sjá leifar frá því stundað var silfurbergsnám í Hoffellsdal og í nágrenninu eru örnefi s.s. Námugil og Námugata til vitnis um það. Vert er að gefa gaum mikilli litadýrð í Grasgiljahömrum, sem nýtur sín best er sólin skín á hamrana. Áhugavert getur verið að halda áfram göngu þegar inn í Dalsstafn er komið, sem leið liggur upp á Djöfley og þaðan hvort heldur sem er til vesturs framan við Fossdalshnútu og inn Fossdal og áfram í Hoffellsnúpa eða til norðausturs yfir Djöfley framan Lambatungnajökuls og svo annað hvort fram Dalsheiði eða Skyndidal. Áhugasömum er bent á að hafa samband við heimamenn, sem fúslega veita frekari leiðbeiningar.


Hoffellsjökull Mynd: Ásmundur G.

16. Hoffellsjökull
Upphafsstaður: Vestan Hoffells.
Leiðarlýsing: 1-3 klst. ganga fremur létt ganga. Ekið er til vesturs neðan *Hoffells*. Betur búnin bílar komast inn aurana allt að jökulöldunni vestan Geitafellsbjarga, en þar sem aka þarf yfir vatnsfall er öðrum ráðlagt að leggja bílum skammt innan loðdýrahúsa á aurum og hefja göngu þar. Ganga má hvort heldur sem er með fjallsrótum eða halda sig við vegslóðann. Þegar komið er að jökulöldunni blasir jökullinn við og framan hans jökullón. Tilvalið er að ganga eftir öldunni að útfalli Austurfljóta og síðan sömu leið til baka. Fyrir miðja síðustu öld náði jökullinn fram á ölduna. Þá var tekinn ís úr jöklinum og fluttur til Hafnar, þar sem hann var notaður til að ísa fisk. Vörubílum var bakkað að ísstálinu og ísinn brotinn beint á vörubílspallinn. Síðast var tekinn ís þarna árið 1947.

Við Geitafell Mynd: Jón H.

17. Geitafell - Efstafellsgil
Upphafsstaður: Vestan Hoffells eins og leið 16 eða á flötinni neðan Geitafells.
Leiðarlýsing: 1-3 klst. ganga. Skammt fyrir framan jökulölduna er beygt til norðausturs framan Geitafellsbjarga og haldið inn á flötina neðan Húsbergs. Þar voru áður fyrr haldnar samkomur og nú hefur náttúrulegum steinborðum úr gabbróí verið komið þarna fyrir. Gabbró unnið úr námu framan í Geitafellsbjörgum prýðir m.a. veggi Seðlabanka Íslands. Af flötinni er haldið eftir vegslóða upp Geitafell allt að Efstafellsgili. Til baka er gengin sama leið. Mögulegt er að halda áfram göngu inn í Hoffellsnúpa og er þá farið yfir Efstafellsgil, sem er í senn mikilfenglegt og torsótt. Áhugasömum er bent á að hafa samband við heimamenn, sem fúslega veita frekari leiðbeiningar.

Efstafellsgil Mynd: Jón H.

18. Geitafell - Efstafellsgil - Geitafellstindur
Upphafsstaður: Vestan Hoffells eins og leið 16 eða á flötinni neðan Geitafells.
Leiðarlýsing: 5-7 klst. ganga fremur erfið ganga og víða á brattann að sækja. Gengið er upp Geitafellið allt að Efstafellsgili. Þaðan er gengið upp með gilinu og sem leið liggur upp á hrygginn og síðan eftir honum upp á Geitafellstind, sem er í 1016 m hæð. Af tindinum og víða á leiðinni upp er mjög gott útsýni.

19. Skógey
Upphafsstaður: Austan við brúna á Hornafjarðarfljótum.
Leiðarlýsing: 1-3 klst. fremur létt ganga eftir varnargarði austan Hornafjarðarfljóta að útsýnisskífu á Sandshrauni, sem er við enda garðsins. Þaðan er mikið og fallegt útsýni. Einnig má aka niður varnargarðinn sem er u.þ.b. 5 km langur.

Áhugaverðir staðir í Nesjum

Almannaskarð (leið 4)
Þegar komið er upp úr Skarðsdalnum er komið á brún Almannaskarðs. Þaðan er af mörgum talið fegursta útsýni á Íslandi, en sjá má vestur yfir allan Hornafjörð, Suðursveitar- og Mýrafjöllin og og allt til Öræfajökuls. Frá ómunatíð hefur þjóðleiðin austur úr Hornafirði verið um Almannaskarð. Nú er þar kominn breiður vegur, nokkuð brattur, en ekki er langt síðan Skarðsgatan var erfiður farartálmi eins og kemur fram í þjóðsögum. Í þjóðsagnasafninu Skruddu er t.d. sögð saga af bræðrunum Jóni og Magnúsi sunnan af Mýrum, sem komu úr kaupstað á Papósi, vel við skál. Ofarlega í Skarðinu féll Magnús af baki hesti sínum og staðnæmdist ekki fyrr en neðan undir skriðunni. Jón dysjaði "lík" bróður síns þar á staðnum og hélt áfram ferð sinni að Þinganesi þar sem hann fékk gistingu um nóttina. Morguninn eftir spyr gestgjafinn frétta af Magnúsi og segir Jón honum þá alla söguna. Gestgjafinn bregður skjótt við og rótar grjótinu ofan af Magnúsi sem var ekki dauðari en svo að hann gat setið á hestbaki heim að Þinganesi.

Bergárdalur/Þorkelsskarð (leiðir 4, 5 og 6)
Bergárfjall er graslaust með hömrum og stórgrýttum skriðum niður að sléttlendi. Það er gert úr gjallkenndu basalti, mjög sjaldgæfu. Þar er Bergárdalur, lítið dalverpi, mosavaxið. Neðst í dalnum er Bergárfoss, hét áður Mígandafoss, og er hægt að ganga á bak við hann. Sagt er að Indriði, bóndi í Árnanesi, hafi falið sig þar fyrir Jóni Arasyni biskupi. Innarlega á Bergárdal er Þorkelsskarð. Þar er sagt að Þorkell, bóndi í Hólum hafi drepið tröllskessu, gæti hafa verið Slufra í Slufrudal.


Bjarnaneskirkja Mynd: Jóh. Valg.

Bjarnanes (leiðir 12 og 13)
Í Bjarnanesi var kirkja helguð Maríu guðsmóður í kaþólskum sið. Þar var kirkja til 1911 er vígð var ný kirkja við Laxá. Hún var rifin fyrir nokkrum árum. Núverandi kirkja í Bjarnanesi var vígð 1976. Hún þykir mjög sérstök að ytra og innra útliti. Arkitekt hennar var Hannes Davíðsson. Í gömlum kirkjugarði neðan við kirkjuna sést

Góður kostur í lok gönguferðar
ÓSINN
Glæsilaegur kvöldverður að kvöldi dags.
Hótel Höfn

VÍKIN
VÍKURBRAUT 2
S/FAX: 478 2300
VEITINGAR, BAR, PIZZUR
LEIGJUM ÚT SALI

meðal annars móta fyrir Kolbeinsleiði, en það er hálft utan garðs og hálft innan. Teitur Gunnlaugsson ríki bjó í Bjarnanesi um 1400. Hann átti meðal annars í útistöðum við Jón Gerreksson biskup sem enduðu með því að flokkur manna fór að biskupi, stakk honum í poka og drekkti í Brúará í Árnessýslu.

Dysjarklettur (leið 6)
Rétt við vegamótin neðan undir Almannaskarði er Dysjarklettur. Hann er sagður draga nafn sitt af því að Nesjamenn og Lónmenn hafi eitt sinn barist á þessum slóðum og þeir sem féllu hafi verið dysjaðir undir klettinum.

Fimmhundraðadý (leið 6)
Neðan undir Almannaskarði er Fimmhundraðadý. Sagt er að kona sem þar var á ferð hafi sokkið ofan í dýið með hesti sínum. Þetta var mikil skartkona og kostaði hesturinn, reiðtygin og búningur hennar fimm hundruð dali. Hvorki konan né hesturinn fannst, en lengi á eftir þótti reimt á þessum slóðum.

Fjósaklettur (leið 15)
Fyrir neðan túnið í Hoffelli er Fjósaklettur. Einhverju sinni þegar kúnum var vatnað í dýi þar skammt frá sá fjósamaðurinn naut koma úr klettinum. Ein kýrin var yxna og tók vel heimsókn nautsins. Að nokkrum tíma liðnum þar kýrin eðlilegum kálfi nema hvað á hann vantaði halann. Þegar honum var hleypt út um vorið hvarf hann og sást ekki aftur. Morgum árum síðar sást halalaus kýr hjá klettinum og var það mál manna að eigandi nautsins hefði tekið kálfinn til sín. Fyrir kom að baul heyrðist í klettinum og í eitt skipti sá vinnukona á bænum gráa, halalausa kú nálægt klettinum.

Hoffell (leið 15)
Í Landnámu kemur fram að Auðunn rauði hafi keypt land af Hrollaugi "utan frá Hömrum og út öðrum megin til Viðborðs; hann bjó í Hofsfelli og reisti þar hof mikið". Sagt er að við kristnitökuna hafi goðin flúið frá Hoffelli inn í Goðaborg. Hoffell var kirkjustaður Innbyggðar í Nesjum sem var um aldir sérstök sókn. Árið 1894 var Hoffellssókn sameinuð Bjarnanessókn en bóndinn í Hoffelli keypti kirkjuna og er hún enn notuð sem heimaguðshús. Hún var endurreist árið 1981. Frá Hoffelli var rithöfundurinn og þjóðsagnasafnarinn Guðmundur Jónsson.

Hoffellsfjöll (leið 15)
Hoffellsfjall er hátt og mjótt að ofan, gróðurlítið, með hömrum og skriðu. Þar hafa fundist ýmsar fágætar bergtegundir, s.s. silfurberg, ópalar, jaspisar og fleiri eðalsteinar. Silfurbergsnáma fannst á Golbíldubjalla inni á Hoffellsdal um 1910 og var unnið í henni með hléum allt til ársins 1940. Nú sjást litlar minjar um námuna. Til forna var leið á milli Hoffellsfjalla og Fljótsdalsheiðar, en talið er að hún hafi orðið ófær vegna jökla fyrir miðja 17. öld. Sennilegt er að átt sé við sömu leið í Droplaugarsonasögu, þar sem sagt er að Ingjaldur og Þorkell trani hafi farið úr Fljótsdal sunnan jökla og komið í Hornafjörð. Ólíklegt er þó að þessi leið hafi nokkurn tíma verið alfaraleið.

Horn (leiðir 1 og 2)
Á Horni nam land Hrollaugur jarl af Mæri og bjó hann um tíma undir Skarðsbrekku. Horn var ein mesta hlunnindajörð við Hornafjörð en jörðinni fylgdi mikil rekafjara auk æðarvarps og grösugs engjalands. Bæjarstæði á Horni er eitt hið stórbrotnasta á landinu. Bleikar og gráar skriður upp af bænum og fyrir ofan gnæfa þverhníptir tindar og hamrar úr ólagskiptu djúpbergi. Íbúðarhús úr steinsteypu var reist árið 1926 og stendur það ennþá. Á Horni hefur ekki verið búið eftir 1984.

Hornafjarðarfljót (leið 19)
Brú yfir Hornafjarðarfljót var vígð árið 1961. Hún er 255 m löng og telst enn með lengri brúm á landinu. Var hún mikil samgöngubót því Fljótin þóttu mikill farartálmi. Í tengslum við brúargerðina og síðar uppgræðslu í Skógey hafa Hornafjarðarfljót verið beisluð enn frekar með varnargörðum. Fyrrum voru einkum tvær leiðir yfir þennan farartálma og var þá talað um að fara yfir Fljótin innra (frá Viðborðsströnd, um Svínafell að Hoffelli) eða ytra (frá Holtum um Skógey að Bjarnanesi).

Við Hafnarvíkina Mynd: Brynja H.

Hornsvík/Kolbeinshellir (leiðir 1 og 2)
Beint út af Vestrahorni er Hornsvík. Þaðan stunduðu menn sjóróðra allt fram á þessa öld. Auk Nesjamanna og manna frá vestustu bæjum í Lóni komu Norðlendingar og Austfirðingar þangað á vetrarvertíð fram undir miðja 19. öld. Talið er að þeir hafi haft allt að tuttugu verskála í Kömbum undir Kambshorni þegar mest var á 17. og 18. öld. Upp af Hornshöfn er Kolbeinsurð og ofan hennar er Kolbeinshellir sem dregur nafn sitt af Kolbeini manndrápara, norðlenskum sakamanni og einum þekktasta vermanni sem reri frá Horni fyrr og síðar. Í Bjarnaneskirkjugarði er Kolbeinsleiði hálft innan garðs og hálft utan og í Skógey er landskiki sem heitir Kolbeinsengi. Frá Kolbeini manndrápara er sagt í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar. Í sjónum utan við Horn sást einskonar skrímsli sem lagðist á sel í nálægum skerjum. Ekki stór skepna, framlág en sverari að aftan. "Eyrnaselur" með haus á stærð við hund.

Hólmur (leiðir 6 og 7)
Fyriraldamótin1900fannstfortnkumlíHólmiframaníSelmýrarhrygg í mynni Laxárdals. Fundu heimamenn þar mannabein og nokkra hluti, meðal annars þríjár glerperlur. Árið 1902 rannsakaði Daniel Bruun kumlið í Hólmi og segir hann svo frá: "Sannaðist þá að ekki var vafi á að maður hafði verið grafinn sunnan til í hryggnum, 3-4 fetum ofan við sléttlendið. Þar fannst ennþá eitt bryni og leifar af þunnu kolalagi undir beinunum og kringum þau... Í framhaldi af mannsgröfinni til norðurs hafði verið grafinn hestur, ef til vill þó aðeins hrosshaus. Þar voru enn nokkrar hrosstennur. Ekki er talið að þar hafi fundist nælur eða þess háttar. Ekki verður úr því skorið, hvort þetta var karlmannsgröf eða konu". Á síðustu árum hafa farið fram ítarlegri fornleifarannsóknir í Hólmi undir stjórn Bjarna F. Einarssonar fornleifafræðings. Gefa þær vísbendingar um að þarna hafi verið landnámsbýli og kumlið hafi verið. blótstaður.



HEFURÐU FARIÐ Á JÖKUL
Daglegar vélsleðaferðir á Vatnajökul frá Jöklaseli norður af Smyrlabjörgum (u.þ.b. klst. akstur frá Höfn). Nánari upplýsingar í síma 577 5500 og 892 5500 og á www.adventure.is
ÍSLENSKAR ÆVINTÝRAFERÐIR

Ketillaugarfjall/Skeggey (leiðir 6 til 12)
Úti á Skarðsfirði er Skeggey. Hún dregur nafn af manni einum sem þar lét grafa sig ásamt gulli sínu og hvolfa bát yfir. Nokkrir menn úr Nesjum ætluðu einhverju sinni að ná þar í skjóðfenginn gróða, en um leið og þeir byrjuðu að grafa eftir gullinu sýndist þeim bærinn í Þinganesi standa í björtu báli. Kona Skeggja hét Ketillaug. Sagt er að eftir dauða hans hafi hún horfið upp í fjallið sem síðan heitir Ketillaugarfjall, með ketil fullan af gulli og lét hún svo ummælt áður en hún hvarf að þegar búið yrði að vinna Skeggja yrði hún auðfundin. Aðrar sagnir herma að til að finna ketilinn þurfi að ganga aftur á bak og berfættur upp fjallið sem er að miklu leyti brattar skriður. Ekki má líta aftur á leiðinni því að þá hverfur ketillinn og allt er unnið fyrir gýg.

Kex (leið 2)
Um skarðið Kex á milli Kexishamra og Kambshorns var áður alfaraleið fyrir fótgangandi á milli Horns og Papóss. Sagt er að þangað hafi bresku hermennirnir sem voru á Horni á stríðsárunum farið til að geta fylgst með ferðum óvina. Nafnið Kex er trúlega komið af sögninni að kjaga. Gangan upp skriðuna þótti öttalegt kjags en eldri stafsetning á nafninu er Kjegs.

Kolbeinshellir (sjá Hornsvík)

Krossbæjarskarð (leiðir 9, 10 og 11)
Á milli Ketillaugarfjalls og Marktinds er Krossbæjarskarð. Í árfarveginum á botni skarðsins er mikið af sérstökum jarðvegsmyndunum og sjaldgæfum bergtegundum.

Laxárdalur/Selvatn (leiðir 3, 6, 7 og 8)
Innarlega á Laxárdal er Selvatn. Þar stóð áður sel sem vatnið dregur nafn sitt af. Í Selvatni var ófreskja eða nykur. Ekki þýddi að leggja silungsnet í vatnið. Þau voru alltaf dregin á land um nætur án þess að nokkur fiskur væri í þeim. Einhverju sinni lagði maður nokkur net sín í vatnið og eftir að þau höfðu einu sinni verið dregin


Dýjamosi Mynd: Brynja H.

upp ákvað hann að vaka yfir þeim. Var hann sagður skyggn og hræddist ekkert. Um nóttina kemur hann að Meðalfelli og sagði síðar að ófreskja hefði elt hann alveg heim undir bæ og myndi hann ekki reyna aftur að vaka yfir netum í vatninu. Síðan er ekki vitað til að neinn hafi lagt net sín í vatnið.

Meðalfell Mynd: Sigurður S.

Meðalfell (leið 8)
Meðalfell er landnámsjörð og stendur bærinn undir samnefndu felli í mynni Laxárdals. Fellið er auðvelt uppgöngu að vestanverðu og þaðan er gott útsýni yfir sveitina og fjörðinn. Laxá rennur á mörkum jarðarinnar. Þar er víða fagurt og nú er verið að vinna að því að glæða veiði í ánni.

Papós (leiðir 1 og 2)
Á Papósi var staðsett fyrsta verslun innan sýslunnar eftir að einokunarversluninni lauk. Hún var starfrækt frá 1861 og varð Papós löggiltur verslunarstaður þremur árum síðar. Þegar strandferðir skipa höfust við Austurland skömmu fyrir aldamót reyndist Papós of grunnur þannig að afgreiða varð skipin úti á rúmsjó hverju sinni. Það réði mestu um flutning verslunarinnar frá Papósi til Hafnar í Hornafirði árið 1897.


Papós Mynd: Brynja H.

Prestaklettur (leið 15)
Stór steinn er fyrir vestan túnið í Hoffelli. Sagt er að hann hafi hrunið úr fjallinu og ofan á 18 presta sem þar voru á ráðstefnu þannig að enginn komst undan. Heitir hann síðan Prestaklettur.

Rustarnöf (leiðir 1 og 2)
Austan við veginn, skömmu áður en beygt er heim að Horni er Rustarnöf. Hún er sögð draga nafn sitt af Rusti nokkrum, hraustum manni sem klifraði upp á nöfina. Ekki fara sögur af því að aðrir hafi leikið það eftir. Í Rustarnöf var áður arnarhreiður og eru til sagnir um veiðiferðir þeirra.

Selvatn (sjá Laxárdalur)

Skeggey (sjá Ketillaugarfjall)

Skógey (leiðir 13 og 19)
Skógey skildi að austur- og vesturhluta Hornafjarðarfljóta. Áður var hún skógi vaxin, en er nú hraunsker og grýttar smáhæðir með sléttlendi á milli, sendin jörð og gisið stargresi. Talið er að þar hafi áður verið 18 bæir byggðir og sennilega kapella eða bænhús. Skógey lagðist í eyði vegna jökulhlaupa og skyndilegra breytinga á vatnsmagni Fljótanna. Nokkrum misserum eftir þetta örlagaríka flóð, sumir segja nokkrum árum, voru menn á ferð á Melatanga þegar hundur sem var með þeim fór að róta í melþúfu. Þegar mennirnir fóru að grafa í þúfuna komu þeir fljótlega niður á þak af húsi og fundu þeir þar undir stúlku og hund. Þau höfðu haft eitt smjörkvartil til að lifa af og sér til afþreyingar kembdi stúlkan ullarlagð og táði til skiptis. Bæði dóu þegar þau komu út undir bert loft. Á seinni öldum hafa bæir í Nesjum flestir átt slægjuland í Skógey og var hún nytjuð fram á 20. öld. Frá því um 1980 hefur markvisst verið unnið að uppgræðslu Skógeyjarsvæðisins. Með framkvæmdum vegna brúargerðar yfir Hornafjarðarfljót minnkaði vatn á leirunum norðan við Skógey og jókst þar með hætta á sandfoki. Var því brugðið á það ráð að gera varnargarða við Fljótin og Hoffellsá sunnan þjóðvegar og græða upp leirunar. Frá 1982 hefur Landgræðslan friðað um 4000 hektara svæði sem nú er að miklu leyti orðið grasi gróið. Á Skógeyjarsvæðinu er fjölbreytt fuglalíf.

Þorkelsskarð (sjá Bergárdalur)

Þveit (leiðir 11 og 12)
Skammt fyrir innan bæinn Stapa er vatn sem heitir því sérkennilega nafni Þveit. Orðið virðist þýða landspilda, eða afmarkaður blettur. Undir hól einum við Þveitina er ölkelda og bragðast vatnið úr henni eins og danskt öl. Þar undir halda menn að finna megi málma. Í Þveit

Við ætlur Vatnajökuls



Gönguleiðir í Nesjum

Í Austur-Skaftafellssýslu blasir víða við hin stórbrotna jöklasýn og land mótað af rofi jökla og vatns.

Á Höfn í Hornafirði, er á sumrin sett upp sýning í Sindrabæ, sem kynnir eðli jökla og mikilfengleg áhrif þeirra á umhverfið. Til sýnis eru fræðsluspjöld í máli og myndum, áhrifamikil kvikmynd um Vatnajökul, ljósmyndir, myndlist, tæki og tól, sem tengjast ferðum og rannsóknum á jökli. Allt efni er unnið í samvinnu vísindamanna og staðkunnugra. Það er von heimamanna að sýningin sé undanfari Jöklaseturs, aðseturs rannsókna og sýninga, sem opið yrði fræðimönnum og ferðamönnum allt árið.

Við þjóðvegginn hafa 8 afleggjarar verið merktir með merki jöklasýningarinnar. Þeir liggja að Hoffellsjökli, Fláajökli, Skálafellsjökli, Jökulsárlóni, Fjallsárlóni, Kvíárjökulskömbum, Háöldu og Svínafellsjökli. Á þessum stöðum er sérlega áhugavert að skoða ummerki jökulsins í náttúrunni eftir að hafa fræðst um mótunarmátt jökulsins á Jöklasýnigunni í Sindrabæ og Skaftafellsstofu.

Í þjóðgarðinum í Skaftafelli er Skaftafellsstofa, sem er upplýsinga- og fræðslumiðstöð. Þar er sýningarsalur með áhugaverðum fróðleik um samofna sögu náttúru og fólks í Öræfum auk áhrifamikillar myndbandssýningar um Skeiðarárhlaupið 1996. Undir leiðsögn þjóðgarðsvarðar og landvarða eru farnar gönguferðir þar sem gestum gefst kostur á að upplifa með staðkunnugumhina stórbrotnu náttúru Skaftafells og fræðast um sögu staðarins.

Lögmál ferðamannsins:

1. göngum jafn vel frá áningarstað og við komum að honum
2. hendum ekki rusli á víðavangi.
3. spillum ekki vatni
4. sköðum ekki gróður eða dýralíf
5. skemmum ekki sérstæðar jarðmyndanir
6. förum varlega með eld
7. fylgjum merktum göngustígum
8. forðumst akstur utan vega.
9. virðum umgengisreglur og tilmæli landeiganda.
10. hirðum vel eignir okkar og umhverfi, svo ánægja og sómi sé að.

Skýringar

- Gönguleið
- Aðalvegur
- Aðrir vegir
- Vegnúmer
- Eyðibýli
- Reiðleið
- 23 Númer gönguleiðar
- Upplýsingar
- Áhugaverður staður
- Áhugavert fuglalíf
- Bensínafgreiðsla
- Ferðaþjónusta bænda

m.y.s. 1600 1500 1400 1300 1200 1100 1000 900 800 700 600 500 400 300 200 100 0

1000 m 500 0 5 km

Mælikvarði: 1:50 000